AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2004 um heimild handhafa flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands til að taka upp JAR-OPS 1, Amendment 6, útg. 1. ágúst 2003.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. september 2004 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands heimilt að taka upp og fylgja JAR-OPS 1, Amendment 6, útgefnum 1. ágúst 2003, í því skyni að hljóta vottun sem fullgildir JAR-OPS 1 flugrekendur innan aðildaríkja Flugöryggisamtaka Evrópu, JAA. Samhliða mun Flugmálastjórn Íslands veita þeim flugrekendum sem neyta þessarar heimildar, undanþágu frá þeim ákvæðum í II.-hluta reglugerðar nr. 780/2001 um flutningaflug með síðari breytingum, sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði JAR-OPS 1, Amendment 6.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. ágúst 2004.

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

10. ágúst 2004 Nr. 686

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2004 um skilyrði fyrir samþykki á lista yfir lágmarksbúnað (MEL) flugvéla hjá handhöfum flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. september 2004 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefinna af stofnunni skylt að fara að ákvæðum Leaflet 26 JAR-OPS 1/3 MEL POLICY DOCUMENT dags. 1. október 2002 þegar settur er saman listi yfir lágmarksbúnað samkvæmt ákvæðum gr. JAR-OPS 1.030 í reglugerð um flutningaflug nr. 780/2001. Sama dag skulu taka gildi reglur JAA nefndar JAR-MMEL/MEL: Master minimum equipment list / Minimum equipment list, útgefnar 1. maí 2000.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. ágúst 2004.

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

Stjórnartíðindi B 99, nr. 675–686. Útgáfudagur 20. ágúst 2004.